

Aðalfundur Listvinafélags Hveragerðis, haldinn í Listasafni Árnessýslu, laugardaginn 16. mars, 2013 kl. 11:00.

1. Fundarsetning

Guðrún A. Tryggvadóttir, formaður félagsins, bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

2. Kjör fundarstjóra og ritara

Guðrún gerði að tillögu sinni að Eyþór H. Ólafsson yrði fundarstjóri og Inga Lóa Hannesdóttir fundarritari og var það samþykkt. Tóku þau til starfa.

3. Skýrsla stjórnar

Guðrún, formaður, flutti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár félagsins.

Guðrún sagði fyrst frá því að vinna hefði hafist við hönnun sýningar á síðasta ári um leið og svar barst um styrk upp á 350 þúsund kr. frá Menningarráði Suðurlands í apríl. Áður hafði fengist loforð frá Hveragerðisbæ um styrk upp á 200 þúsund. Þegar nær dró sýningunni og greiðslu reikninga tókst næstum að safna þeirri upphæð sem stefnt var að eða 1.232.500 kr. en stefnan hafði verið sett á 1,3 milljón. Framlög afkomenda skáldanna og ýmissa fyrirtækja, einstaklinga og félagasamtaka gerði okkur kleift að standa við áætlanir og klára verkið. Þ.e. að hanna, framleiða og setja upp færanlega sýningu, sem hlaut nafnið *Listamannabærinn Hveragerði - fyrstu árin* og stendur hún á ganginum fyrir framan Bókasafnið í Hveragerði í Verslunarmiðstöðinni Sunnumörk.

Sýningin hefur hlotið góðar viðtökur sem er mjög ánægjulegt. Verslunarmiðstöðin Sunnumörk hefur verið ágætis stökkpallur fyrir sýninguna og sannað að hún skiptir máli og að fólk, jafnt Íslendingar sem túristar kunna að meta hana.

Auk þess að setja upp sýninguna var vefurinn listvinir.is opnaður. Hann inniheldur ekki einungis efni um félagið sjálft heldur einnig tímalínu, metnaðarfullt framhald af tímalínunni á sýningunni sjálfri. Á henni má lesa um flesta þá listamenn sem byggt hafa bæinn til lengri eða skemmri tíma, auk þess sem núlifandi listamenn geta skráð upplýsingar um sig og sín verk. Þannig vill félagið bæði gefa sögulegt yfirlit yfir listamenn bæjarins sem og að byggja upp gagnagrunn um listamenn Hveragerðis dagsins í dag, sem gæti síðan leitt til samvinnu þeirra á milli auk þess að upplýsa alla utanaðkomandi um tilveru þeirra.

Stefnt er að því að bæta fleiri listamönnum við sýninguna, í skrefum. Á dagskrá er að bæta við þeim Kristni Péturssyni, Höskuldi Björnssyni og Ingunni Bjarnadóttur. Þ.e. tveimur myndlistarmönnum og einum tónlistarmanni.

Vilji er fyrir því innan félagsins að ganga lengra í því að koma sýningu um listamennina í Hveragerði í varanlegt form og hugmynd er uppi um að hanna útsýningu í samvinnu við landslagsarkitekt og bæjaryfirvöld. Ef þær áætlanir ganga eftir og fjármagn fæst til verksins, liggur fyrir að finna réttan stað og rétt form fyrir sýningu sem bæði uppfyllir ströngustu fagurfræðilegu sem og sagnfræðilegu kröfur, þolir veður og vinda og smellur inn í umhverfi sitt eins og flís við rass. Hveragerðisbær hefur nú þegar lofað stuðningi upp á 300 þúsund kr. og umsókn hefur verið send inn til Menningarráðs Suðurlands upp á 1 milljón kr. Með mótframlagi félagsins og frekari styrkjum upp á sömu upphæð ætti að takast að ganga frá og kynna fullmótaðar hugmyndir í lok árs, stækka sýninguna, gefa út bækling og vinna frekar í þróun tímalínunnar á vef félagsins listvinir.is.

Listvinafélagið stóð fyrir kynningu hér í Listasafni Árnesinga og opnum vinnustofum víðsvegar um bæinn á Safnahelgi á Suðurlandi í byrjun nóvember og tókst sá viðburður vel þrátt fyrir smá truflun veðurguðanna.

Síðastliðið haust barst Listvinafélaginu höfðingleg gjöf frá Kristjáni Kristjánssyni, syni Kristjáns frá Djúpalæk. Um var að ræða þrettán muni úr eigu Kristjáns, m.a. skrifborð hans, málverk o.fl. Samið var við Byggðasafn Árnesinga um að varðveita munina og hafa þeir verið skráðir í gagnagrunn Sarps. Seinna meir, þegar tækifæri gefst, verður hægt að hafa sýningu á mununum eða sýna þá í réttu samhengi á öðrum sýningum sem tengjast skáldinu og listamönnum í Hveragerði.

Listvinafélaginu bauðst nýverið að koma með sýninguna *Listamannabærinn Hveragerði á ráðstefnuna Menningarlandið 2013 - framkvæmd og framtíð menningarsamninga* sem haldin verður á Kirkjubæjarklaustri dagana 11. og 12. apríl næstkomandi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Menningarráð Suðurlands, í samstarfi við önnur menningarráð landsbyggðarinnar, boða til ráðstefnunnar sem fram fer á Icelandair Hótel Klaustri. Sýningin verður sett upp við ráðstefnusalinn og mun formaður Listvinafélagsins auk þess fá tækifæri til að kynna verkefnið fyrir fundargestum. Þetta verður í fyrsta skipti sem sýningin fer á flakk og það verður spennandi að sjá hvernig viðtökur hún fær. Við lítum á þetta sem mikla viðurkenningu fyrir okkar unga félag og horfum björtum augum til framtíðar.

Guðrún sagði að lokum að af framansögðu mætti vera ljóst að Listvinafélag Hveragerðis iði af lífi og er það því að þakka að þau sem mynda stjórn félagsins eru bæði dugleg og gríðarlega áhugasöm um verkefnið og ekki hvað síst vegna þess að þeim þykir einstaklega gaman að starfa saman.

En þar sem ekkert er fullkomið og stjórnarmenn sannarlega ekki þá óska þeir eftir hugmyndum frá félagsmönnum enda er ekkert félag, félag nema að félagarnir sjálfir séu virkir þátttakendur í starfinu.

Hún hvatti félagsmenn loks til þess að skrá sig á póstlista félagsins og þá sem stunda einhverjar listir að skrá sig í gagnagrunnin á vefnum listvinir.is sem listamenn.

4. Reikningar lagðir fram af gjaldkera

Svanur Jóhannesson, gjaldkeri, gerði grein fyrir reikningum félagsins og félagaskrá. Í máli hans kom m.a. fram að nú eru 67 félagar skráðir í félagið.

5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Eypór Ólafsson nefndi að í reikningum næsta árs þyrfti að hafa lið sem hétu afskriftir.

6. Reikningar bornir undir atkvæði

Fundarstjóri bar reikninga félagsins undir atkvæði fundarmanna og voru þeir samþykktir samhljóða.

7. Lagabreytingar

Tvær breytingartillögur við lög félagsins lágu fyrir fundinum en þær bárust frá Þórhalli Hróðmarssyni. Fundarstjóri kynnti þær og var sú fyrri við 5. gr laganna.

Tillagan var sú að við 5. gr yrði bætt málsgæininni „Heimilt er að endurkjósa fráfaraði stjórnarmenn, ef þeir gefi kost á sér.“ Með þessu móti væri alveg ljóst að það mætti kjósa þá sem ættu að ganga úr stórn til áframhaldandi setu.

Tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

Síðari breytingartillagan sneri að 10. gr. En þar þykir óþarfi að hafa inni í lögnum upphæð árgjalds. Tillagan er því sú að 10. gr. yrði svohljóðandi: Árgjald skal ákveðið á aðalfundi.

Tillagan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

8. Félagsgjöld ákveðin

Fyrir fundinum lá tillaga frá stjórn um að félagsgjöld yrðu kr. 2.000.- Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

9. Kosning formanns

Þar sem formaður var kosinn til þriggja ára á aðalfundi 2012 þá þarf ekki að kjósa nú.

10. Kosning stjórnar og varamanna

Svanur Jóhannesson og Inga Jónsdóttir sem setið hafa í aðalstjórn og Sölvi Ragnarsson í varastjórn eiga öll að ganga út úr stjórninni núna. Þau gefa hins vegar öll kost á sér til áframhaldandi setu. Ekki komu fram fleiri framboð og bar fundarstjóri þetta því undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

11. Kosning skoðunarmanna reikninga

Jóhanna M. Hjartardóttir og Egill Gústafsson voru endurkjörin sem skoðunarmenn.

12. Kosning nefnda

Ekki lágu fyrir fundinum tillögur að kosningu í neinar nefndir að þessu sinni.

13. Önnur mál

Svanur ræddi að það væri áhugavert að skoða húsin sem listamennirnir bjuggu í hér í Hveragerði. Þessi hús þyrfti að varðveita á þeim grunni sem þau voru upprunalega sérstaklega húsin í Skáldagötunni. Hann sagðist hafa farið að hugsa þetta út frá húsi Kristins Péturssonar, sem hann byggði á sínum tíma með listina í huga. Það þyrfti að athuga með friðun svona húsa.

Inga Jónsdóttir benti á að það væri nú þegar búið að breyta húsi Kristins töluvert frá því sem það var upprunalega, sérstaklega að innan en einnig eitthvað að utan. Inga sagði húsið þó enn vera sérstakan vitnisburð um Kristin þó að því hafi verið breytt nokkuð.

Svanur nefndi einnig hús föður síns, Jóhannesar úr Kötlum, sem Gunnlaugur Scheving keypti af honum á sínum tíma en Gunnlaugur bjó þar í þrjú ár. Því húsi hefur þó einnig verið breytt töluvert frá þeim tíma.

Svanur nefndi einnig að það væru ýmsar leiðir við friðun húsa. Stundum væri bara friðað að innan eða jafnvel ákveðin innviðir líkt og stigar til dæmis, einnig gluggar o.s.frv.

Guðrún Tryggvadóttir nefndi að þetta væri kannski verkefni fyrir ungan arkitekt að skoða.

Inga benti á Nýsköpunarsjóð námsmanna sem hugsanlega væri hægt að sækja styrk í fyrir svona verkefni. Reyndar væri frestur þar nýliðinn nú en þetta væri verkefni sem mætti undirbúa fyrir næsta ár.

Svanur nefndi að rétt væri að stjórnin kynnti sem betur reglur um friðun húsa til að sjá hvaða möguleikar væru fyrir hendi.

Heiðdís Gunnarsdóttir nefndi húsið Helgafell sem Ragnar Ásgeirsson átti á sínum tíma. Hún sagði að sér þætti það skemmtilegt hús og að því hefði ekkert verið breytt.

Guðrún stakk upp á því að stjórnin myndi skoða það að skipa vinnuhóp áhugasamra um þessi mál.

Eyþór H. Ólafsson tók til máls og sagði að sér þætti spennandi að koma upp útsýningu en það mætti þó alls ekki loka á þann möguleika að félagið eignaðist hús yfir sýninguna og þá muni sem það ætti.

Björg Einarsdóttir þakkaði þann mikla áhuga sem fram kom í skýrslu stjórnar. Hún þakkaði líka fyrir frábæra „listamannasúpu“ sem boðið var upp á í fundarhléi.

Inga Jónsdóttir, safnstjóri Listasafnsins, sagði frá því sem framundan er á safninu og þeim sýningum sem nú eru í gangi. En það eru sýningarnar „Til sjávar og sveita“ með verkum Gunnlaugs Scheving og „Slangur“ Söru Riel.

Gunnlaugur Scheving bjó einmitt hér í Hveragerði á árunum 1946-1949 og má sjá að sveitamyndirnar hans bera keim af Suðurlandi. Stærsta mynd Söru er af rústum húss hér í bæ svo það má segja að Hveragerði sameini þau að örlitlum hluta.

Inga bauð fundargestum að lokum upp á léttan leik í tengslum við sýningu Gunnlaugs. Hann fór þannig fram að þrír fundargestir drógu miða með spurningum sem tengdust verkunum á einn eða annan hátt. Þessir þrír fengu smá tíma til að fara inn og undirbúa sig og leiddu svo aðra gesti um sýninguna.

Fundi slitið kl. 13:00.

Inga Lóa Hannesdóttir

fundarritari.